



## Faghópur II

### Fundargerð 14. fundar

Orkugarði 10. september 2009, kl. 8:30

**Mætt:** Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rögnvaldur Ólafsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Friðrik Dagur Arnarsson úr verkefnisstjórn.

**Forföll:** Sveinn Runólfsson

#### Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð** síðasta fundar var ekki afgreidd.
2. **Aðferðafræði hlunninda.** Umræðum frestað vegna fjarveru Sveins.
3. **Vettvangsferð um Norðurland.** Ákveðið var að fara í vettvangsferð um Noðurland nk. sunnudag og mánudag (13.-14. sept.). Heimsótt verða háhitasvæðin við Mývatn, Gjástykki og Þeistareyki og skoðaðir vatnsaflskostir í Skjálfandafhljóti og í Skagafirði.
4. **Kynningarfundur og umræður um aðferðafræði.** Óánægja kom fram varðandi tímasetningu fundarins sem áætlaður er 25. sept. Þróun aðferðafræði gagnvart ferðaþjónustu og útivist er of skammt á veg komin og verður ekki tilbúin til kynningar þennan dag. Mjög mikilvægt er að höfundar hennar, Anna Dóra og Rögnvaldur, geti bæði verið viðstödd kynninguna. Ósk um frestun fundarins fram í miðjan október verður tekin upp á fundi verkefnisstjórnar 11. sept. Anna Dóra hefur kynnt drög að aðferðafræðinni fyrir nemendum í leiðsögunámi sem gerðu þarflegar athugasemdir. Í frekari umræðum var áréttað mikilvægi framtíðarvirðis svæða. Bent á að öll inngrip í svæðin hefðu veruleg áhrif á framtíðarmöguleika.
5. **Tímarammi.** Umræður urðu um nauðsyn þess að gefa rammaáætlun meiri tíma. Friðrik Dagur taldi að með ströngum tímatakmarkunum væri verið væri að tefla í tvísýnu því megin markmiði rammaáætlunar að skapa almenna sátt um stefnu í beislun orkulinda landsins. Þar væri aðferðafræði fagóps 2 í brennidepli og einnig bæri á það að líta að svo virtist sem gögn sem faghópur 1 mun byggja á skorti einnig. Óeðlilegur væri hróplegur aðstöðumunur sérfræðihópa rammaáætlunar sem hefðu of lítinn tíma, mannskap og fjármagn á meðan orkufyrirtækin hefði sem næst ótakmarkaðan tíma, mannafla og fjármagn.
6. **Afmörkun svæða.** Faghópurinn á eftir að skilgreina/afmarka svæði sem er mjög „krítískt! verk. M.a. var rætt um Torfajökulssvæðið sem vonlaust virðist að skipta upp í minni svæði þegar litið er til ferðaþjónustu og útivistar.
7. **Næsti fundur** verður haldinn á Orkustofnun mið. 16. sept. kl. 16:00. Þá er stefnt að umræðum um aðferðafræði um mat á hlunnindum.